

Reykjavík, 21. mars 2024

Efni: Umsögn við drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007 (fjarheilbrigðisþjónusta). Mál nr. 728 á 154. löggjafarþingi.

Viðskiptaráð þakkar fyrir tækifærið til að koma á framfæri athugasemdum við ofangreint frumvarp til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu (fjarheilbrigðisþjónusta).

Með frumvarpinu er ætlunin að veita lagastoð, skýra og samræma hugtakanotkun um fjarheilbrigðisþjónustu og mismunandi þætti hennar. Viðskiptaráð telur jákvætt að verið sé að veita fjarheilbrigðisþjónustu lagastoð, en veltir því samt sem áður fyrir sér hvers vegna þurfi að greina á milli heilbrigðisþjónustu eftir því hvort hún er veitt á staðnum eða með tæknilausnum og hvort ekki hefði dugað að slá því föstu að lög um heilbrigðisþjónustu gildi óháð því hvernig hún er veitt. Vísa má til Svíþjóðar sem fyrirmyndar í þeim efnum en þar er ekki greint á milli heilbrigðisþjónustu eftir því hvort hún er veitt nær eða fjær. Viðskiptaráð tekur þó undir þau sjónarmið sem koma fram í greinargerð með frumvarpinu að með fjarheilbrigðisþjónustu sé hægt að nýta betur mannauð, efla samvinnu milli veitenda heilbrigðisþjónustu, auka hagkvæmni, gera þjónustu aðgengilega óháð búsetu og stuðla að nýsköpun.

Skipulag heilbrigðisþjónustu endurspeglar jafnan þarfir og tæknilegar lausnir gærdagsins en með ört vaxandi þekkingu og tækniframförum er nauðsynlegt að leita nýrra leiða við skipulag heilbrigðiskerfisins, þar getur fjarheilbrigðisþjónusta gegnt veigamiklu hlutverki í hagræðingu og bættri þjónustu. Hagnýting tækni á sviði fjarheilbrigðisþjónustu skapar stöðugt ný tækifæri óháð staðsetningu, notkunarmöguleikarnir eru fjölmargir og ávinningurinn af árangursríkri innleiðingu er ótvíræður fyrir heilbrigðiskerfið og samfélagið í heild. Viðskiptaráð telur þó þörf á því að koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Fyrirmæli landlæknis

Viðskiptaráð hefur áður gert athugasemdir við 4. gr. frumvarpsins, þeim athugasemdum er einfaldlega svarað á þann hátt að ekki sé tilefni til að bregðast við þeim að svo stöddu. Spyrja má hvort eðlilegt sé að bregðast við þeirri athugasemd eftir að frumvarpið verði að lögum. Með 4. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að framselja vald til embættis landlæknis til að móta nánari fyrirmæli um skipulag og veitingu fjarheilbrigðisþjónustu. Rétt eins og áður er rakið er þróun á sviði heilbrigðisþjónustu og sérstaklega heilbrigðistækni gríðarlega hröð og nauðsynlegt að stjórnvöld standi ekki í vegi fyrir nauðsynlegri framþróun.

Ráðið telur nauðsynlegt að nánari fyrirmæli um skipulag og veitingu heilbrigðisþjónustu verði útfærð í reglugerð en ekki almennum fyrirmælum stjórnvalds sem hefur m.a. það hlutverk að hafa eftirlit með umræddri þjónustu og stendur sjálft í þróun á lausnum í fjarheilbrigðisþjónustu. Hlutverk sem embættinu hefur ekki tekist að leysa af hendi vandræðalaust og í samræmi við lög, t.d. með því að eiga í umfangsmiklum viðskiptum án

Þess að útboðsskylda sér virt¹. Það er hætt við því að fyrirmælin litist af þeim lausnum sem embættið styðst við í sinni eigin þróun og komi í veg fyrir jafnræði, hagkvæmt samkeppnisumhverfi og hægi á framþróun á markaði sem má síst við því. Viðskiptaráð telur jafnframt að með vísan til valdheimilda og jafnræðis sé nauðsynlegt að heilbrigðisráðuneytið setji reglugerð um þau skilyrði sem veitendur þurfa að uppfylla, sérstaklega í ljósi þess að veitendur eru bæði hið opinbera og einkaaðilar.

Þessu til viðbótar bera núverandi fyrirmæli embættis landlæknis um fjarheilbrigðisþjónustu þess merki að þessi ráðstöfun sé ekki æskileg. Fyrirmælin eru frá árinu 2019 og endurspeglu illa þá hröðu tæknilegu þróun sem á sér stað, fela í sér auknar hindranir og takmarka þau miklu tækifæri sem felast í veitingu fjarheilbrigðisþjónustu, Strangar kröfur eru skiljanlegar í ljósi eðlis þeirrar þjónustu sem er verið að veita en mega ekki draga úr framþróun, því er nauðsynlegt að ráðuneytið meti og tryggi jafnvægi á milli öryggis og mikilvægi þess að þjónustan sé veitt. Það er ljóst að þau tækifæri sem felast í fjarheilbrigðisþjónustu munu ekki raungerast nema fyrirmæli um fjarheilbrigðisþjónustu verði betri og um leið sé gagnsæi og jafnræði aðila á markaði tryggt.

Samráð

Viðskiptaráð gerir jafnframt athugasemd við það hversu lítið samráð hefur verið haft við veitendur fjarheilbrigðisþjónustu en samkvæmt greinargerð hefur samráð aðeins verið í gegnum samráðsgátt stjórnvalda. Eðlilegt hefði verið að hafa samráð við þau sem veita umrædda þjónustu, bæði heilbrigðisstarfsfólk og fyrirtæki sem byggja upp tæknilegar lausnir.

Þessi skortur á samráði er enn mikilvægari þegar um er að ræða svo kvikt umhverfi. Mikilvægt er að stjórnvöld séu meðvituð um hvaða breytingar séu fyrirséðar á markaði og hvaða áhrif slíkar breytingar geta haft á löggjöf og framkvæmd. Við skoðun á áhrifamati lagasetningarinnar er ljóst að lítið sem ekkert mat hefur farið fram, engin greining farið fram á áhrifum á markað, fyrirtækjaeftirlit og samkeppnisskilyrði. Þetta stenst ekki skoðun, sérstaklega í ljósi þess að stjórnvöld eru fyrirferðarmikil á markaðnum og embætti landlæknis sinnir hvort tveggja þróun og eftirliti en ber á sama tíma að setja leikreglur um veitingu þjónustunnar.

Að öllu framansögðu styður Viðskiptaráð að fjarheilbrigðisþjónustu verði veitt lagastöð en um leið leggst ráðið gegn því að skipulag og veiting hennar verði bundin almennum fyrirmælum lægra setts stjórnvalds en ekki lögbundnum fyrirmælum í reglugerð. Sérstaklega í ljósi þess að um er ræða íþyngjandi kvaðir þar sem nauðsynlegt er að meðalhófs og jafnræðis sé gætt.

Virðingarfyllst,

Maria Guðjónsdóttir
Lögfræðingur Viðskiptaráðs Íslands

¹ <https://www.stjornarradid.is/gogn/urskurdir-og-alit-/stakur-urskurdur/?newsid=37396f1e-98b9-11ec-8146-005056bcf582&cname=K%C3%A6runefnd%20%C3%BAtbo%C3%B0sm%C3%A1la&cid=e219adb9-4214-11e7-941a-005056bc530c>